um frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Samkvæmt gildandi lögum um búnaðarmálasjóð eru bændur skattlagðir með gjaldtöku í sjóðinn vegna framlags til búnaðarsambanda og Stéttarsambands bænda sem nemur 0,5% af verði afurða til bænda í flestum búgreinum.

Heildartekjur búnaðarmálasjóðs á árinu 1985 voru 70,6 milljónir kr. sem skiptast þannig:

Stéttarsambandið 15,4 millj. kr.
Búnaðarsamböndin 15,4 millj. kr.
Bjargráðasjóður 38,4 millj. kr.
Framleiðsluráð 1,4 millj. kr.

Hér er þannig um mjög miklar tekjur og þá mikla skattlagningu á bændur að ræða til þess að standa straum af félagslegum og stjórnunarlegum verkefnum, eða í heild sem nemur um 1% af heildarafurðaverði til bænda.

Samkvæmt því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, er ætlunin að hækka skattlagningu vegna stéttar- og búnaðarsambanda um 40% (úr 0,5% í 0,7%) á sauðfjárbúskap og nautgripabúskap. Jafnframt er ætlunin að heimila hækkun skattlagningar af þessu tagi á garðyrkju, ylrækt, loðdýrarækt og hrossabúskap um 200% (úr 0,5% í 1,5%) og loks að heimila hækkun þessarar skattlagningar á alifuglarækt, svínarækt, fiskeldi og fiskirækt um 400%, eða réttara sagt að fimmfalda hana (úr 0,25% í 1,25%).

Þær heimildir, sem varða sauðfjár- og nautgripaafurðir skv. fyrirliggjandi frv. um breytingar á lögunum, mundu að líkindum hækka skattlagninguna um hvorki meira né minna en u.þ.b. 13 millj. kr. á árinu 1986. Aðrar heimildir mundu svo bæta enn meira við.

Þessi skattlagning á að renna til sérsambanda til þess að þau geti tekið við verkefnum af Stéttarsambandi bænda sem því er ætlað að sinna skv. 4. gr. laga nr. 46/1985 en ráðherra getur viðurkennt önnur samtök til að fara með.

Skattlagningin keyrir þannig úr hófi og í annan stað ætti Stéttarsambandið að geta séð af fé um leið og það felur öðrum verkefni. Að dómi undirritaðs er engin ástæða til þess að vera með margfalt skattlagningarkerfi og reyndar ómögulegt að sjá hvar það tekur enda.

Þar fyrir utan er fráleitt að setja í lög heimildir til þreföldunar á skattlagningu þessari af garðyrkju og loðdýrarækt og fimmföldun á gjaldtöku af alifuglarækt, svínarækt, fiskeldi og fiskirækt.

Því leggur undirritaður til að frv. verði fellt, en Stéttarsambandið sjái af tekjum til sérsambandanna um leið og þau taka að sér verkefni sem annars ættu að vera á sviði Stéttarsambandsins.

Alþingi, 24. mars 1986.

Kjartan Jóhannsson.